

Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 75. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 23. júlí 2019, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir formaður, Erlingur Freyr Jensson varaformaður, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Karl Ingólfsson varamaður, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, .

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Heiða Guðmundsdóttir boðaði forföll. Karl Ingólfsson yfirgaf fund eftir fyrsta lið.

1. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Stjórn felur svæðisráði vestursvæðis að óska eftir umsögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og mögulega fleiri stofnunum s.s. Skipulagsstofnun, um Vonarskarð. Þegar álit fagaðila liggja fyrir verði sett af stað samráðsferli við helstu hagsmunaaðila s.s. sveitarfélög og félög á sviði útivistar og náttúruverndar. Á grundvelli álits fagaðila og hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um framtíðarskipun mála svæðisins í Vonarskarði. Svæðisráði er falið að hafa forystu um vinnuna, óska umsagna frá fagstofnunum og leiða framangreint samráð í samvinnu við framkvæmdastjóra og stjórn VJP, ennfremur að láta útbúa leiðbeiningar um hestaumferð um Vonarskarð.

Svæðisráð felur formanni í samstarfi við framkvæmdastjóra og með aðstoð lögfræðinga að semja drög að bréfi til umræddra stofnana. Drögin verða svo lögð fyrir svæðisráð til umsagnar. Stofnanir sem um ræðir eru þá: Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Háskóli Íslands og Almannavarnir ríkisins. Óska þarf eftir að stofnanir leggi mat á landslagsheildina með tilliti til bæði nútíðar og framtíðar: Hafa þarf í huga: gildi svæðisins milli jökla sem heildar, verðmæti kyrrðar og víðernis, þolmörk, aðgengi, öryggismál og annað sem máli skiptir í framtíðarskipulagi svæðisins.

2. Gestastofa við Kirkjubæjarklaustur - 1805024

Fréttir af málefnum gestastofu

Svæðisráð harmar þann seinagang og takmarkað upplýsingaflæði sem hefur verið í undirbúningi byggingar gestastofu þjóðgarðsins við Kirkjubæjarklaustur og óskar eftir að fá nánari upplýsingar frá Framkvæmdasýslu ríkisins um hver staða málsins er í raun og hvenær áætlað er að framkvæmdir hefjist. Þjóðgarðsverði er falið að koma þessari bókun til tengiliðar Framkvæmdasýslunnar.

3. Vatnasvið Tungnaár - 1907015

Til kynningar: Fyrirhuguð friðlýsing á vatnasviði Tungnaár.

Fundarmenn upplýsi sitt bakland um fyrirhuguð friðlýsingaráform.

Fundi slitið kl. 18:00.